

Saxar og Íslendingar.

I.

Saxar voru þeir af Þjóðverjum sem til forna höfðu einna mest þýstirð á sér. Konungur þeirra segir Snorri, Vitrgils, eða Gils ein vitri, sonarsonur Óðins. Son Vitrgils var Vitta, og er það nóguskritið að konungsattn sem nú er í Saxlandi skuli heita Vittnar eða Vittungar (eða Wittener). Saxar voru mjög komnir frá Óðni, enda héldu þeir í lengsta tíð þeir trygð við hin fornu goð, og tóku ekki hina svonefndu kristni fyrir en þeir voru mjög til neyddir.

Söxum virðist hafa farið mikið áður síðan Karl mikli braut þá til kristni með svo miklum erfðismunum. Meðalhæð Saxa kvað vera minni en annara þjóðflokka í Þýzka þernum. Minnir þetta á Íslendinga, sem líka hefir hrakað mjög, síðan meðalhæð á Íslandi var meiri en annarstaðar á Norðurlöndum, eins og mjög líklegt er að verið hafi á 10. öld. Það mátti heita einvalið sem hingað fór og til Grænlands. Grænland fór alveg með hið hraustasta kyn á jörðinni, en á Íslandi tórðum vér af, jafnvel 17. og 18. öld, og erum svoltið að lýsast og lengjast aftur, þó að mikið skorti á að Íslendingar séu nú hæstu menn á Norðurlöndum. Það þarf að skrifa Íslendinga sögu þannig, að það skiljist hvernið á því landi.

Saxar hafa mjög haft það til sín sem eris, sumir, sem drýgra hefir reynt þjóðheilla heldur en hreysti í barðum. Saxi var spekingurinn Leibniz, einhver mesti vitmaðurinn sem hefir fara af með Þjóðverjum. Og þarneskur er Albrecht Penck, einn af bestu náttúrufræðingum sem nú eru þessi. Penck er einnig framúrskarandi málsnillingur, einn af þeim höfðingjum sem bezt hafa ritað Þýzka tungu. Einhvern tíma sá eg í danska blaðinu »Politiken» að Penck væri austurríkismaður, en það er misskilningur sem mun vera sprottinn af því að hann var prófessor í Vínarborg um tíma.

III.

Leibniz hafði stórmikla trú á því að visindin gætu orðið þjóðunum stjórndrjúg, og gekk manna bezt fram að stofna visindafélög. Tíminn hefir sýnt að hann hafði rétt fyrir sér. Engin aðsóppspretta hefir orðið eins drjúg einsog aukning hins visindalega hugsunarháttar. Fólkið fleira svo tugum miljóna skiftir, og áður þjóðanna hefir vaxið um hundráð þúsund miljónir kr. og meira, þar það að menn lærðu að athuga stjór en áður, og rekja betur saman sakir og afleiðingar. Og engin þjóð hefir lifað eins á visindunum eins og Þjóðverjar. En þó eru jafnvel þar ekki visindi metin sem skyldi, og þó þá í öðrum stöðum. Styrjöldmikla sýnir það. Héfðu menn verið til að efla þekking og rétta þann þúsund miljónum króna, og

svolitlu broti af þeim mannafl, sem er beitt til meiðinga og manndrápa, þá hefði ófað á friðsamlegan hátt mátt ávinna það til þjóðarefningar eða réttara sagt mannkynsefningar, sem menn hyggjast nú mest geta áunnið með ófriði, og miklu meir.

IV.

Trúin á visindi er of takmörkuð enn þá, menin hafa ekki skilið nógu vel ennþá, að það er hin rétta hugsun eða viðleitni til réttari hugsunar, sem er aðalatriðið. Menn eru svo mikið að fást um, að þetta og þetta í rannsóknnum og ritum, miði ekki til verklegra framkvæmda, og hættir mjög við að halda, einkum þar sem sumir visindamenn eiga í hlut, að verkamennirnir séu ekki launanna verðir. Menn virðast merkilega gleymnir á það, að nú þegar mætti nefna mörg dæmi þess, að rannsóknir sem flestir töldu helzt þökkurs konar visindalegan hégóma, eða ekki einuslenni það, hafa orðið stórkostlega að notum. Og fátt hafa menn lært hingað til, sem verða mun notasælla en sá skilningur sem nú hefir áunnizt í heldur litilsmetnu höfði, að samstilling lífskraftanna er það takmark, sem neyta verður allrar orku til að stefna að en ekki frá. Það væru margir á lífi nú, sem látið hafa líf sitt, og með hinum mestu harmkvælum sumir, margir ómeiddir, sem nú eru örkuðlaðir

og þjáðir, og margir gláðir, sem nú eru sorgbitnir, ef þeim, sem mestu ráða á jörðu hér hefði verið það nógu ljóst, hvert takmarkið er. Og miklar munu verða breytingar til batnaðar á högum mannanna, ef það auðnast að skýra og skilja, að það er fundin leið til að stefna betur en áður hefir gert verið, hér á útjaðri vitheims, að hinu mikla takmarki allrar verundar.

21. okt.

Helgi Pjeturss.

Gert að.

Lesendum hættir um of við að gleyma að misprentanir geta átt sér stað.

Í grein minni um brand síðestli. sunnudag stóðu orðin »hér í bæ« á röngum stað. Gerfróður stóð þar líka fyrir gerðfróður. Danska orðið »gære« mun vera sama sem íslenska orðið gera (gjöra), og rétt mál mundi vera að segja að það geri í brauði, sbr. ígerð. Þýzka orðið »gähren« hygg eg sýni að orðið gjöra (gera) hefir verið til í þýzku forn-máli, og sjálfsagt notað einsog í norrænu, til margs, þó að nú sé það horfið nema í merkingunni sömu sem »gære« hefir í dönsku. Þó að það kunni að vera rétt, að setja »gähren« í samband við orðin ger og görn og Guhr, virðist það ekki þurfa að ósanna mitt mál.

H. P.